

óstöðvandi, vann allar skákirnar. Kortsnoj þótti tefla af miklum krafti og miklu öryggi og virðist vera í „toppformi“ þessa dagana, rétt eins og Karpov.

Góðkunningja okkar Íslendinga, Gennady Sosonko, voru eitthvað mislagðar hendur að þessu sinni. Einhver bilun hefur orðið í jafnteflisvélinni því hann hlaut aðeins 3 1/2 v. af 8 á móti óbreyttu skákmönnum. Kortsnoj vann hann náttúrulega tvöfalt, eins og flesta aðra. Í seinni skák þeirra félaganna kom Kortsnoj með mikilvæga nýjung í einu eftirlætisafbrigði Sosonko, Catalan-vörninni.

Hvitt: Sosonko
Svart: Kortsnoj
Catalan-vörn.

1. d4 Rf6 2. c4 e6 3. g3 d5 4. Bg2 dxc4 5. Rf3

Auðvitað getur hvítur unnið það til baka með 5. Da4+. Textaleikurinn er þó allt eins algengur enda hefur svartur oftsinnis farið flatt á því að reyna að hanga á þaðinu. Kortsnoj kærir sig kollótta.

5. — a6 6. 0-0

Annar möguleiki er 6. Re5 og líf c-peðsins er á enda. Hins vegar hefur Sosonko góða reynslu af hrókuninni: Sigur gegn Svianum Schneider á Ólympíumótinu í Buenos Aires 1978 í 21 leik og 18 leikja sigur gegn Hübner í Montreal 1979. Einhverja glompu hlýtur áskorandinn að hafa fundið.

6. — b5 7. Re5 Rd5 8. Rc3 Bb7

Hübner lék 8. — c6 og tapaði á sérlega glæsilegan hátt: 9. Rxd5 exd5 10. e4 Be6 11. a4 b4 12. exd5 Bxd5 13. Dg4! h5 14. Bd5! cxd5 15. Df5 Ha7 16. He1 He7 17. Bg5 g6 18. Bxe7 gefið (Sosonko—Hübner, Montreal



Kortsnoj sigraði með yfirburðum.

1979).

9. Rxd5 exd5!

Hér breytir Kortsnoj út af. Schneider lék 9. — Bxd5? en eftir 10. e4 Bb7 11. Dh5! var hann þegar kominn með tapað tafl, því 11. — De7 strandar á 12. Bg5. Framhaldið varð: 11. — g6 12. Rxc6! fxc6 13.

De5 De7 14. Dxc8 Rd7 15. h4 0-0-0

16. Bg5 Df7 17. d5! He8 18. dxc6 Hxe6 19. Had1 Bc6 20. Bh6 Kb7 21. Hxd7! gefið (Sosonko—Schneider, Buenos Aires 1978).

10. e4 dxc4 11. Dh5 g6!

Þetta hafði Kortsnoj í huga. Hvítur vannur skiptamun fyrir það en

drottning hans lendir á hrakhólum og svarta staðan verður mjög virk.

12. Rxc6 fxc6 13. De5+ De7 14. Dxc8 Rd7 15. h4


Sama hugmynd og í skák Sosonko við Schneider en í þetta skipti gefst hún ekki eins vel. Mögulegt var að losa drottninguna úr prisundinni með 15. d5, en það kostar annað það og ljóst er að svartur hefur fullnægjandi færi fyrir skiptamuninn.

15. — 0-0-0! 16. Bg5 Df7 17. Bh3

Hótunin var 17. — Be7, sem nú er svarað með 18. De5. Ekki gekk 17. Bxd8? vegna 17. — Bg7 18. Dxc7 Rf8 og drottningin fellur.

17. — He8 18. Had1?

Nú verður hvíta staðan óverjandi. Hann varð að reyna 18. Df6 þótt svarta staðan lofi góðu eftir 18. — Dd5.



18. — Kb8!

Með hótuninni 19. — Bd6. Svar hvíts er þvingað því 20. Bxd7 jafngildir uppgjöf — kóngsstaða hans yrði of veik.

19. d5 Bc5 20. Be6

Eða 20. Dc3 Bxd5, ásamt Rd7-e5-d3 eða f3 eftir atvikum.

20. — Hxh8 21. Bxf7 Re5 22. Be6 Rd3 23. b3

Ef 23. Hd2, þá 23. — Bd4 og 23. Bf6 er svarað með 23. — Hf8 með þrýstingi á f2.

23. — c3! 24. Kg2 Hf8 25. f3 c2 26. Hc1


Hvíta staðan er töpuð. Ef 26. Ha1, þá 26. — Bd4.

26. — Rxc1 27. Bxc1 e3! 28. He1 c6 29. d6 Hf6 30. d7 Kc7 31. Bh3 Bd4 32. Hxe3 Bxe3 33. Bxe3 c5 34. b4 Hxf3 35. Bc1 cxb4 36. Kh2 Be6 37. Bg4 Hf1 og hvítur gafst upp.

Í síðustu umferð samdi Kortsnoj um stórmeistarajafntefli við Hort í aðeins 12 leikjum. Fyrri skák þeirra félaganna lauk aftur á móti með öruggum sigri áskorandans. Út úr byrjuninni fékk hann betri stöðu og hóf sókn á drottningarvæng gegn svarta kónginum. Á kóngsvæng voru þæðaveikleikar í stöðu Horts svo hann hafði í mörg horn að líta. Að lokum féll það og hvíta h-peðið brunaði upp í borð með eldingarhraða.

Hvitt: Kortsnoj
Svart: Hort
Slavnesk vörn.

1. d4 Rf6 2. c4 c6 3. Rc3 d5 4. e3 g6 5. Rf3 Bg7 6. Bd3 Bf5 7. Bxf5 gxf5 8. cxd5 Rxd5 9. 0-0 Rd7 10. Dc2 e6 11. e4 fxe4 12. Rxe4 Dc7 13. Bd2 R7f6 14. Hc1 Rxe4 15. Dxe4 De7 16. Hfe1 0-0-0 17. a3 Kb8 18. b4 h6 19. a4 Dd7 20. Dg4 Hdg8 21. Dh5 Ka8 22. b5 cxb5 23. axb5 Bf6 24. Hc5 Hc8 25. Hxc8 Hxc8 26. Bxh6 b6 27. Re5 Bxe5 28. fxe5 Hh8 29. h4 De8 30. Dg5 Hh7 31. Dd2 Dc4 32. Hc1 Dxb5



33. Dc2 Hh8 34. Bg7 Hg8 35. h5 Rf4 36. h6 Re2+ 37. Kh2 Rxc1 38. h7 Hd8 39. Dxc1 Dd3 40. Dh6 og svartur gafst upp.



RENNILEGRI EN FYRR

Keramík Steinunnar Marteinsdóttur

Ég hugsa að erfitt sé að taka feil á leirmunum Steinunnar Marteinsdóttur og nokkurs annars, svo sér á parti sem þeir eru í íslenski leirmunagerð, afsakið, leirlist.

Þar sem aðrir kappkosta að einfalda leirmuni sína, finna hið fullkomna form og staðla það svo og tilheyrandi skreytingar, þá þrjónar Steinunn við og bróðerar uns munir hennar virðast hluti af náttúrunni. Þeir breiða úr sér eins og skrautblóm eða tútna af frjómagni.

En ýmsar hættur fylgja slíkri beitingu náttúrulegumálanna, í leirmunagerð sem öðrum listgreinum. Hin frjálsu form geta tekið völdin af listamanninum eða snúist upp í náttúrulegasta ástand sem til er, kaos og

óstjórn. Skapandinn verður ætíð að vera reiðubúinn að beita efnivið sinn hörðum aga.

Veröldin hamin

Á fyrri stórsýningu Steinunnar að Kjarvalsstöðum 1975 fannst mér einum of mikið eftirlæti að finna í leirmunum hennar.

Þar var leirinn og postulínið hnoðað og teygð endalaust og helftin af sýningunni var eins og ofvaxnar plöntur. Þar á ofan var mikill glassúr í taumum.

Nýir munir Steinunnar að Kjarvalsstöðum eru stórum ásjálegri stykki. Listakonan hefur haft hemil á glysgirninni, í mótun sem í litun, og



Steinunn Marteinsdóttir á sýningu sinni.

DB-mynd Bj.Bj.

vinnur nú eins einfalt og hnitmiðað og henni er unnt.

Kveikja flestra verka hennar er enn hin lífræna veröld, en hamin og listinni undirgefin. Hinir stóru gapandi vasar Steinunnar setja enn sterkan svip á sýninguna, svo og gríðarstórar skálarnar með óreglulegum jöðrum.

En þetta eru stórum rennilegri gripir en fyrr, finlega skreyttir og tónaðir.

Eigulegir gripir

Þarna eru líka veggmyndir Steinunnar af landslagi, bakkar og ker og loks stórar púnsskálur. Þær eru eigulegir gripir en er það bara mín glám-

skyggni eða eru bollarnir sem með fylgja of margir og of stórir?

Ekki skil ég hvers vegna Steinunn hefur tekið þann kost að halda á lofti teikningum sínum við Stjórnur vorsins eftir Tómas en það eru einstaklega veikburða myndir og beinlínis ósmekklegar á köflum.

-AI.

Myndlist

ADALSTEINN INGÓLFSSON



LAUS STAÐA


Staða fulltrúa við Menntaskólann á Egilsstöðum er laus til umsóknar. Um er að ræða hálf t. starf. Laun samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins. Umsóknir með ýtarlegum upplýsingum um námsferil og stórf skulu hafa borist menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, 101 Reykjavík, fyrir 22. júní nk.

Menntamálaráðuneytið
26. maí 1981.

Til sölu glæsilegur 30 feta bátur



til sportveiða eða skemmtisiglinga. — Ný 130 ha. Volvo Penta TM 040 dísil. Svefnpláss fyrir 6. Eldhús með vaski; wc; Sóló kabýssa. Davíður fyrir léttabát. 12 manna björgunarbátur, 600 lítra olíutankur, 100 lítra vatns-tankur, dýptarmælir og talstöð. Samþykktur og skoðaður af S.R. Uppl. í síma 28625 og 42646.



Effect

LJÓSMYNDAPJÓNUSTA
KLAPPARSTÍG 16 - SÍMI 14044
Auglýsinga- og iðnaðarljósmyndir.
Barna- og fjölskyldaljósmyndir.
Brúðkaups- og fermingarljósmyndir.
Myndir frá Íslandi — London — Paris
fyrir útgefendur og til veggskreytinga